

Viðmiðunartekjur sem notaðar eru við útreikning á lífeyri og tengdum bótum eru skattskyldar tekjur svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur, en þó eru á því undantekningar. Þær tekjur, sem ekki eru teknar með eru lífeyrir og tengdar bætur frá Tryggingastofnun, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og úttekt á séreignarlífeyrissparnaði.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** eða bráðabirgðaútreikning á **Mínum síðum** til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

Mælt er fyrir um tekjutengingar lífeyris í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Heimildir til frádráttar frá ákveðnum tegundum tekna við útreikning viðmiðunartekna er mismunandi eftir bótaflokkum sbr. töflu 1.

Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?

Taflan sýnir frítekjumörk árstekna	Ellilífeyrisþegar	Örorku- og endurhæfingar-lífeyrisþegar
Tegund tekna	Tekjutrygging heimilisuppbót	Tekjutrygging heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.315.200	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	259.200	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, söluhagnaður og leigutekjur	98.640	98.640

Lífeyrissjóðstekjur hafa ekki áhrif á grunnlífeyri almannatrygginga.

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda tekjutryggingu, heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Þegar búið er að reikna út viðmiðunartekjur eru þær notaðar til að ákvarða upphæðir bóta sbr. töflu 2.

Tafla 2. Helstu upphæðir lífeyris og tengdra bóta og áhrif heildartekna við útreikning.

Réttindi	Mán.gr.	Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
Ellilífeyrir	kr.	ár	mán.	ár	mán.
Ellilífeyrir /grunnlífeyrir	35.279	2.575.220	214.602	4.268.612	355.718
Tekjutrygging	111.330	0	0	4.268.612	355.718
Heimilisuppbót	32.809	0	0	3.483.598	290.300
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir	kr.	ár	mán.	ár	mán.
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir /grunnlífeyrir	35.279	2.575.220	214.602	4.268.612	355.718
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	35.279				
Tekjutrygging	112.976	0	0	4.268.612	355.718
Heimilisuppbót	32.809	0	0	3.535.103	294.592
Annað	kr.	ár	mán.	ár	mán.
Framfærsluviðmið ^{*1} býr ekki einn	188.313				
Framfærsluviðmið ^{*1} býr einn með heimilisuppbót	218.515				
Örorkustyrkur (16 til 61 árs)	26.081	2.575.220	214.602	4.244.404	353.700
Örorkustyrkur (62 til 66 ára)	35.279	2.575.220	214.602	4.268.612	355.718
Uppbót á lífeyri ^{*2} - 5 til 140% af lífeyri				2.400.000	200.000
Uppbót v/reksturs bifreiðar	13.040				
Vasapeningar	51.800	0	0	956.308	79.692

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. **töflu 3**.

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Frádráttur
Ellilífeyrir, örorku- og endurhæfingarlífeyrir (lífeyrir)	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	25%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	38,35%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	13,35%
Heimilisuppbót ellilífeyrisþega	11,30%
Heimilisuppbót örorkulífeyrisþega	11,14%
Vasapeningar	65%

Tekjur maka, aðrar en fjármagnstekjur sem eru alltaf sameiginlegar, hafa ekki áhrif á réttindi almannatrygginga.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig.

^{*1} **Framfærsluviðmið (Sérstök uppbót til framfærslu):** Ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir framfærsluviðmiði er það sem upp á vantar greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Uppbót á lífeyri^{*2} hefur ekki áhrif á sérstaka uppbót til framfærslu og ekki heldur orlofs- og desemberuppbót og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

^{*2} **Uppbót á lífeyri** getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót svo og orlofs- og desemberuppbót og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hafa áhrif á útreikning.